

Föstudagurinn, 16. nóvember 2001

173. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 33/2001

**Afnám undanþágu fyrir Félag eggjaframleiðenda til að birta leiðbeinandi verð á eggjum fyrir framleiðendur eggja**

**I.**

**Málavextir**

**1.**

Þann 20. desember 1996 samþykkti samkeppnisráð beiðni Félags eggjaframleiðenda um að félaginu yrði veitt undanþága frá þágildandi a-lið 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 12. gr. laganna, til að birta leiðbeinandi verð á eggjum fyrir framleiðendur eggja. Umdanþagan var veitt með vísan til skilyrða í þágildandi ákvæðum 16. gr. samkeppnislaga. Forsenda ákvörðunar samkeppnisráðs var að jafnframt skyldi hætt opinberri verðlagningu á eggjum samkvæmt búvörulögum.

**2.**

Rök Félags eggjaframleiðenda fyrir erindi sínu árið 1996 um undanþágu til að birta leiðbeinandi verð á eggjum voru m.a. þau að eggjaframleiðendum væri ekki skylt að vera í félaginu og að þeir væru ekki allir félagsmenn. Félagið taldi því að ekki væri verið að koma í veg fyrir verðsamkeppni þó að félagsmenn reyndu að fylgja leiðbeinandi verði. Þrátt fyrir að í gildi hafi verið opinber verðlagning á eggjum og samstarf eggjaframleiðenda hafi verið náið hefði að sögn félagsins verið nokkur samkeppni á markaðnum þar sem verið hefði nokkurt offramboð á eggjum. Í erindi Félags eggjaframleiðenda var vitnað til þess að félagið teldi undanþágu til handa eggjaframleiðendum uppfylla skilyrði í a-lið 16. gr. samkeppnislaga þar eð ætla mætti að samkeppni ykist við það að opinberri verðákvörðun yrði hætt. Taldi félagið að undanþága til útgáfu leiðbeinandi verðlista og annars samstarfs væri tilraun til að fara gætilega og skynsamlega í þá átt að auka frelsi og samkeppni í þessari grein.

**3.**

Með bréfi, dags. 25. júlí sl., var Félagi eggjaframleiðenda tilkynnt að Samkeppnisstofnun ynni að könnun á því hvort forsendur undanþágunnar frá því í desember 1996 hefðu breyst þannig að efni væru til að fella hana úr gildi. Félaginu var gefinn kostur á að koma sjónamiðum sínum vegna þessa á framfæri við stofnunina.

Félagið telur að ekki séu efni til að fella úr gildi leiðbeinandi verð á eggjum fyrir framleiðendur eggja af tveimur ástæðum sérstaklega. Þetta kemur fram í bréfi félagsins til Samkeppnisstofnunar frá 22. ágúst sl. Með því að fella viðmiðunarverð úr gildi veikist staða minni framleiðenda, að mati félagsins, gagnvart þeim sem stærri eru þar eð þeir hafi þá ekki viðmiðunarmörk til verðlagningar. Í bréfinu kemur fram að eggjaframleiðendum hafi fækkað jafnt og þétt undanfarin ár og stærri framleiðendur hafi eflst. Þá kveður félagið baráttu framleiðenda við verslunina um skiptingu á eggjaverði milli þessarra aðila vera rök fyrir áframhaldi á útgáfu leiðbeinandi verðs fyrir framleiðendurna. Í því sambandi er bent á að í ársbyrjun 1997, þegar opinberri verðlagningu hafi verið hætt, hafi verð á einu kg af eggjum frá framleiðendum til stærri verslana verið 255 kr. og smásöluálagning 65 kr. Í ágúst sl. hafi verð frá framleiðendum verið 195 kr. hvert kg en álagning smásöluverslana 125 kr. Smásöluverð hafi í báðum tilvikum verið 365 kr. á kg. Þetta sé ekki án undantekninga en eigi við um flestar verslanir.

## II.

### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs þann 16. nóvember 2001 var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Atli Freyr Guðmundsson, Karítas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson, Sigurbjörn Magnússon og Þórólfur Matthíasson.

### 1.

Með því að samþykkja samkeppnislög, sem tóku gildi snemma árs 1993, lýsti Alþingi yfir þeirri afstöðu að virk samkeppni í viðskiptum væri til þess fallin að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Önnur skipan í viðskiptum skyldi vera undantekning sem ákveðin væri með sérlögum.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara er sexmannanefnd skylt að verðleggja búvöru fari Bændasamtök Íslands og samtök framleiðenda þess á leit. Í þeim tilvikum er með lögum komið í veg fyrir verðsamkeppni milli búvöruframleiðenda.

Þegar Félag eggjaframleiðenda óskaði eftir undanþágu á grundvelli þágildandi 16. gr. samkeppnislaga til þess að birta félagsmönnum leiðbeinandi verð var það á þeirri forsendu að félagið væri reiðubúið að falla frá opinberri verðlagningu á eggjum samkvæmt búvörulögum. Samkeppnisráð veitti umbeðna undanþágu og opinberri verðlagningu var hætt.

## 2.

Frá því að opinberri verðlagningu á eggjum var hætt hefur verð á eggjum til framleiðenda lækkað um rúmlega 23%. Verðið hefur í reynd þróast meira í samræmi við aðstæður á markaði en eftir verðleiðbeiningum eggjaframleiðenda sjálfra. Þar kemur væntanlega til framleiðniaukning í greininni sem m.a. hefur leitt af því að á þessum tíma hefur eggjaframleiðendum fækkað og einstök bú hafa stækkað. Var svo komið á miðju ári 2001 að framleiðendum í Félagi eggjaframleiðenda hafði fækkað niður í 17 úr 28 á árinu 1996. Tveir stærstu aðilarnir í heildsölu á eggjum voru með rúmlega 55% heildarframleiðslu félagsmanna á árinu 1996. Sömu aðilar munu vera með um 60-70% heildarsölunnar í heildsölu um þessar mundir. Þegar af þessari ástæðu telur samkeppnisráð ljóst að ekki séu lengur fyrir hendi forsendur til þess að heimila undanþágu til handa eggjabændum fyrir birtingu leiðbeinandi verðs á afurðum þeirra. Eins og áður hefur komið fram var undanþága veitt í lok ársins 1996 þar sem Félag eggjaframleiðenda taldi þörf á því sem aðlögun eftir að horfið yrði frá opinberri verðlagningu á eggjum í heildsölu. Samkeppnisráð telur að m.a. sú verðþróun sem orðið hefur á þeim tíma sem liðinn er frá því undanþága var veitt hafi sýnt að ekki sé þörf fyrir frekari aðlögunartíma fyrir eggjaframleiðendur. Þeir standi nú í svipuðum sporum og aðrir framleiðendur afurða sem seldar eru í matvöruverslunum og ekki eru háðar opinberri verðlagningu. Sú þróun sem verið hefur í álagningu smásöluverslunar á eggjum samkvæmt upplýsingum Félags eggjaframleiðenda er í nokkru samræmi við niðurstöðu í athugun Samkeppnisstofnunar, *Matvörumarkaðurinn, verðlagsþróun í smásölu 1996-2000*, sem birt var í apríl 2001. Þróunin kann að benda til minni samkeppni í matvöruversluninni nú en fyrir 4-5 árum. Ef þróun álagningar stafar af samkeppnishindrunum sem fara í bága við samkeppnislög gefur hún tilefni til sérstakrar athugunar samkeppnisyfirvalda. Almenn rannsókn á samkeppni- og viðskiptaháttum á matvörumarkaðnum stendur nú yfir. Hugsanleg skert samkeppni á smásölumarkaði réttlætir á hinn bóginn ekki samkeppnishindrun í formi sameiginlegrar útgáfu verðs hjá eggjaframleiðendum að mati samkeppnisráðs.

## 3.

Félag eggjaframleiðenda leggst gegn því að felld verði úr gildi heimild félagsins til að gefa út leiðbeinandi viðmiðunarverð á eggjum. Telur félagið útgáfu á leiðbeinandi verði einkum til einföldunar fyrir minni framleiðendur í samkeppni við þá sem stærri eru. Í því sambandi er bent á að framleiðendum hafi fækkað og þeir stærstu hafi eflst. Í röksemdum Félags eggjaframleiðenda segir m.a.: „*Með því að taka út viðmiðunarverð veikist staða minni framleiðenda þegar þeir hafa ekki lengur nein viðmiðunarmörk til að verðleggja sig út frá. Slikt auðveldar stærri framleiðendum að hrista þá minni af sér í samkeppninni.*“

Í 10. gr. samkeppnislaga er lagt bann við samningum, samþykktum og samstilltum aðgerðum milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að samkeppni er raskað. Bann þetta nær m.a. til

samninga o.fl. sem hafa áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti. Þannig er eggjaframleiðendum sem starfa sem sjálfstæðir rekstraraðilar, óháð rekstrarformi, óheimilt að hafa hvers kyns samráð eða samvinnu um verð og viðskiptakjör, sbr. umrædda 10. gr. samkeppnislaga. Bann þetta gildir einnig um Félag eggjaframleiðenda, sbr. 12. gr. laganna. Samningar milli eggjaframleiðenda sem starfa sem sjálfstæð fyrirtæki við framleiðslu og sölu á afurðum sínum falla þó ekki undir bann skv. 10. gr. ef samanlögð markaðshlutdeild allra framleiðenda sem starfa saman eða hafa gert samkomulag eða samninga sína á milli fer ekki yfir 5% af þeim markaði sem við á, sbr. 13. gr. laganna. Á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga getur samkeppnisráð og veitt undanþágu frá bannákvæðum 10. og 12. gr. ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Þrátt fyrir að ekki séu lengur forsendur fyrir framangreindri undanþágu Félags eggjaframleiðenda getur hópur smárra eggjaframleiðenda, þar sem hver framleiðandi um sig starfar sem sjálfstæður rekstraraðili, látið á það reyna hvort hugsanlegt samstarf þeirra, sem fellur undir 10. gr. samkeppnislaga, uppfylli skilyrði 16. gr. um undanþágu frá banninu.

#### 4.

Með vísan til framanritaðs og með tilliti til breyttra áherslna í samkeppnislögum hvað varðar samstarf fyrirtækja, sbr. 10. og 16. gr. laganna, sem varð með gildistöku laga nr. 107/2000 telur samkeppnisráð að forsendur fyrir undanþágu Félags eggjaframleiðenda til að birta leiðbeinandi verð á eggjum, sem ráðið samþykkti með ákvörðun sinni nr. 45/1996, eigi ekki lengur við. Jafnframt skiptir hér máli að framleiðendur eggja hafa haft rúman tíma til að laga sig að breyttum aðstæðum eftir að opinberri verðlagningu á eggjum var hætt. Samkeppnisráð telur því rétt að fella framangreinda undanþágu úr gildi. Í því felst m.a. að ákvæði 10. og 12. gr. samkeppnislaga taka að fullu til verðlagningar á eggjum. Er þetta í samræmi við markmið samkeppnislaga og til þess fallið að efla samkeppni neytendum til hagsbóta.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Undanþága Félags eggjaframleiðenda til útgáfu leiðbeinandi verðs á eggjum fyrir framleiðendur eggja sem veitt var með ákvörðun samkeppnissráðs nr. 45/1996 er hér með felld úr gildi.“**